

Alþingi
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. október 2023

Efni: Umsögn SÁÁ um fjárlagafrumvarp fyrir árið 2024

Veruleg skerðing er í fjárlagafrumvarpi til starfsemi SÁÁ frá því sem var 2023

Fjárlagaliður SÁÁ, 08-388:

Fjárlög 2023		1.384,5
Hlutfall launa	70%	969
Önnur gjöld	30%	415
Kostnaðarmat SFV á kjarasamningum 2023		
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	7,24%	16,3
Læknafélag Íslands	7,22%	16,8
Sjúkraliðafélag Íslands	8,71%	11,9
Starfsmannafélag ríkisstofnana	8,47%	31,7
		76,7
Önnur gjöld skv. hækkun vísitölu í fjárlagafrumvarpi	4,9%	20,4
Verðbætur samtals		97,1
Fjárlagaliður 08-388 2023 á verðlagi 2024		1.482
Fjárlagafrumvarp 2024		1.356
Niðurskurður skv. fjárlagafrumvarpi 2024		126

Það þýðir áfram verulega minni meðferð við áfengis- og vímuefnafíkn

Meðferðir SÁÁ, innan og utan sjúkrahúss, eru gríðarlega mikilvægar og enn í hættu ef ekki fæst leiðrétting á rekstrargrunni samninga. Árið 2023 fékkst aftur inn tímabundið fjárframlag (120 mkr) sem þýddi þó verulegan samdrátt í þjónustu SÁÁ

- 25% færri innritanir á Sjúkrahúsið Vog
- Samtökin SÁÁ hafa áfram greitt fyrir lyfjameðferð á þriðja hundrað einstaklinga við óþjófíðafíkn sem er langt umfram greiðslugetu og ekki unnt að tryggja til framtíðar
- Sumarlokanir að nýju, meðferðarsamfella í þjónustunni rofnaði í sumar með lokunum á göngudeildum og meðferðarstöðinni Vík.

Heilbrigðisþjónusta SÁÁ hefur áður sent inn erindi er varðar beiðni um leiðréttingu á rekstrargrunni samninga um heilbrigðisþjónustu sem heilbrigðisþjónusta SÁÁ sinnir. Rekstrargrunnurinn hefur verið verulega vanfjármagnaður. Með skerðingu á framlögum árið 2024 stefnir hallinn á rekstri heilbrigðisþjónustu SÁÁ í að verða **520 mkr**. Slíkur halli getur ekki annað en leitt til umfangsmikillar skerðingar á þjónustu, svo mikilli að SÁÁ mun ekki geta staðið undir gildandi þjónustusamningum við Sjúkratryggingar Íslands. **Samtök SÁÁ eru komin að þolmörkum og geta ekki staðið undir þessum kostnaði. Að óbreyttu verður að fara í enn frekari skerðingu á þjónustu.**

Inniliggjandi meðferð: Í núverandi samningum um meðferðarstöðina Vík er ekki greitt fyrir þá samfelldu 28 daga sólarhringsþjónustu sem veitt er og er nauðsynleg, heldur samið um þjónustuna eins og um dagdeild sé að ræða með meðferð í 5-6 klst/dag. Þessa skekkju er knýjandi að leiðrétta og dvalartími sem greiddur er, lengdur til samræmis við raunverulega þörf og þá þjónustu sem veitt er. Á sjúkrahúsinu Vogu hefur þurft að loka rúmum fyrir 15 – 20 sjúklinga.

Lyfjameðferð við óþióíðafíkn. Núgildandi samningur um lyfjameðferð við óþióíðafíkn er takmarkaður við 90 einstaklinga en nú eru yfir 300 einstaklingar á meðferðinni. Styrkja þarf göngudeildarþjónustu við þennan hóp og eftirfylgni. Þróa þarf samstarf við heilsugæslu til að sinna vel langtímameðferð og hefja viðbragðsþjónustu til að grípa fljótt inn í bráðan vanda. SÁÁ hefur forgangsraðað að greiða fyrir þessa lífsbjargandi þjónustu, en eru komin yfir þolmörk í greiðslugetu.

Efling göngudeildarþjónustu SÁÁ sem fyrsti viðkomustaður í meðferð við fíknsjúkdómum. Með því að efla göngudeild SÁÁ má tryggja gott aðgengi að þjónustu um leið og kostnaði er haldið í skefjum. Nú er boðið upp á sambærilega meðferð og fram fer á Vogu á göngudeild fyrir þá sem það hentar, þannig hefur náðst að draga úr biðlista og kostnaði við innlögn. Göngudeild gegnir einnig mikilvægu hlutverki í eftirfylgni og getur stórlega bætt batalíkur og dregið úr endurinnlögnum. Þróa þarf úrræði sem miða að því að mæta betur þörfum einstaklinga eftir fyrsta mánuð í meðferð. Einnig er mikilvægt að hægt sé að sinna fjölbreyttari þjónustu í göngudeild sem stuðlar að betri geðheilsu og heilbrænum bakslagsvörnum með fjölbreyttu teymi heilbrigðisstarfsmanna. Auk þess eru góð tengsl við aðra heilbrigðis- og félagsþjónustu mikilvæg til að tryggja samfellu í þjónustu. Tilvísanir í úrræði SÁÁ en einnig vísanir til og frá öðrum úrræðum/þjónustuaðilum í heilbrigðiskerfinu.

Við óskum eftir að fjárframlög til samninga SÁÁ verði hækkuð um 400 mkr og að 120 mkr tímabundna framlag árána 2022 og 2023, verði sett inn í samningsbundnar greiðslur. Samtals 520 mkr.

Framlög til meðferðar við áfengis – og vímuefnafíkn skila sér 8-12 falt til baka. Annars stigs þjónusta líkt og SÁÁ veitir, léttir verulega á öðrum þjónustuveitendum á fyrsta og þriðja stigi (Heilsugæsla og Bráðaþjónusta), auk annars samfélagslegs ábata.

F.h. SÁÁ



Ásgerður Th. Björnsdóttir
Framkvæmdastjóri fjármálasviðs